# RÓSIN

Lag og texti:
Margrét Ólafsdóttir




En mennirnir áttu í önnum
og enginn því rósina sá.
Þeir hættu að ganga um garðinn
er gróðurinn lagðist í dá.
Og svo komu vetrarins vindar
og veittust að rósinni hart,
sem langaði svo til að lifa
og líta´aftur vorið sitt bjart.

Já, vindarnir kveinuðu´og hvæstu
og kuldanum læddu að rót,
þeir máttvana limarnar lömdu
svo lögðust þær jörðinni mót.
Nú dáin er ilmrósin unga,
því umhyggju mannanna´ei naut.
En blómsálin hóf sig til hæða
á himinsins eilífðarbraut.